



SPM2A05 – Spraututækni mælingar

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Sigurjón Geirsson Arnarson

Netfang/netföng:

Sigurjon.arnarson@borgo.is

Lýsing:

Gerðar æfingar í undirvinnu og sprautumálun sem verklýsing og verkefni gera ráð fyrir. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist upp í að mála með blautt í blautt aðferð. Notkun efna eins og Non-sanding grunnur spilar stóran þátt í því ferli og er lagt upp með að nemendur kynnist því og fái reynslu í notkun þess efni. Áhersla er lögð á að mála í Glitlitum og útáeyðingu þeirra.

Kennt er hvernig skal bera sig að og meta hvað best sé að framkvæma hverju sinni í vinnuferli sem fylgir sprautumálun.

Áhersla á að nemendur fylgi gildandi umgengnis- og öryggisreglum, fari eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna, tækja og bíltegunda. Farið yfir þær persónuvarnir sem skal nota við þá vinnu sem fylgir því að mála.

Þeir gera úttekt á sprautuklefa skólans og framkvæma nauðsynlegar mælingar til að fylgjast með virkni hans. Farið í vefleiðangur eftir sérstakri forskrift þar sem nemendur afla sér upplýsinga um tæknibúnað og efni.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekking

- Viðhaldi og viðgerðum á máluðu yfirborði ökutækja.
- „Blautt í blautt“ aðferðinni.
- „Non-sanding“ grunnur.
- Uppbyggingu málningarlaga.
- Vali málningarefna fyrir smærri og stærri farartæki.
- Persónuvörnum sem nota skal við viðgerðir á ökutækjum.
- Leiðbeiningum bílaframleiðenda.
- TDS og SDS lakkframleiðenda.
- Verkskýrslum.

Leikni

- Nota viðeigandi verkfæri og tæki til viðgerðar á máluðum flötum bifreiða.
- Meta ástand og viðgerðir á máluðu yfirborði bifreiða.
- Meta uppbyggingu málningarlaga út frá leiðbeiningum bíla- og lakkframleiðenda.
- Velja réttan búnað og efni til notkunar eftir leiðbeiningum framleiðanda (OEM) og eftir stærð ökutækja.
- Nota „non-sanding“ grunn og aðferðina „blautt í blautt“.
- Eyða út litum og glæru
- Nota persónuvarnir á réttan hátt svo enginn skaði hljótist af
- Skrifa greinagóða verklýsingu á því verki sem unnið er.



Hæfni

- Velja þau tæki, tæknibúnað og verkfæri sem eiga við hverju sinni.
- Beita réttum aðferðum við vinnu sína þannig að áferð flata verði ásættanleg.
- Málun smærri og stærri ökutækja.
- Gera greinagóða verklýsingu eftir að verk hefur verið unnið.
- Nota viðeigandi persónuvarnir.

Námsmat:

Vægi: Verklegt mat: 60%

Hér er metið hversu vel nemandi vinnur öll sín verk af hendi.

Skriflegt mat: 30%

Nemandi skilar inn skýrslu um verkefnið og þekkingarmat.

Þátttaka og Virkni 10%

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtakssemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara

Námsgögn:

Námsgögn fást hjá kennara

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur verða að fá að lámarki 4,5 í öllum verkefnum til að standast áfangann

Nemandi fær úthlutað verkefni frá kennara eða verður að verða sér út um húsgagn til þess að lakka í sýruhertu lakki sem er hvítt.

Hugmyndir: Stóll, borð, kómmóða eða annað. Ekki er hægt að lakka Ikea húsgögn.

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og búnað ef við á.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum þar sem þau eiga að vera.

Í lok kennslustundar þrifa nemendur vinnusvæði.



Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	Kynning á áfanga, farið yfir verkefni. Æfingar í undirvinnu og sprautumálun sem verklýsing og verkefni gera ráð fyrir. Blautt í blautt aðferð	
	Æfingar í undirvinnu og sprautumálun sem verklýsing og verkefni gera ráð fyrir. Blautt í blautt aðferð	
	Æfingar í undirvinnu og sprautumálun sem verklýsing og verkefni gera ráð fyrir. Blautt í blautt aðferð	
	Æfingar í undirvinnu og sprautumálun sem verklýsing og verkefni gera ráð fyrir. Blautt í blautt aðferð	
5	Æfingar og úttáeyðing með lit	
	Æfingar og úttáeyðing með lit	
	Æfingar og úttáeyðing með lit	
	Æfingar og úttáeyðing með lit	
	Æfingar og úttáeyðing með lit	
10	Æfingar og úttáeyðing með lit	
	Æfingar og úttáeyðing með lit	
	Mælingar á klefa og öðrum búnaði tengdu sprautun, skýrslugerð á útkomu mælinga og ástandi búnaðar.	
	Mælingar á klefa og öðrum búnaði tengdu sprautun, skýrslugerð á útkomu mælinga og ástandi búnaðar.	
	Mælingar á klefa og öðrum búnaði tengdu sprautun, skýrslugerð á útkomu mælinga og ástandi búnaðar.	
15	Yfirferð og skil, lokamat.	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.